

eða félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur skotvopnaleyfi.

Aðeins er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir litmerkibyssum þeim sem hafa starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri auk viðurkenndra félaga sem hafa litboltaleik að markmiði.

Einstaklingum er óheimill innflutningur á litmerkibyssum til eigin nota.

Sækja skal um leyfi fyrir hverri sendingu til ríkislögreglustjórans þar sem pöntun er sundurliðuð. Fram þarf að koma nafn innflytjanda, kennitala hans, heimilisfang og símanúmer. Einnig þarf að tilgreina útflytjanda og heimilisfang auk áætlunar um flutningsleið og komudag sendingar.

Óheimilt er að tollafgreiða litmerkibyssu nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu innflutningsleyfi ríkislögreglustjórans og áritaðan vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings.

#### 10. gr.

##### *Afturköllun leyfis.*

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur leyfisveitandi afturkallað ef ekki teljast lengur fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu eða leyfishafi hafi ekki farið eftir settum fyrirmælum. Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnarsýslulaga, enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni.

#### 11. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í d-lið 3. gr. vopnalaga nr. 16 25. mars 1998, taka þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2000.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Arnar Þór Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

#### 1. gr.

Við 2. gr. bætist:

Varnarefnaleifar eru leifar af varnarefnum í ungbarnablöndum og stoðblöndum ásamt umbrots-, niðurbrots- eða myndefnum þeirra.

#### 2. gr.

Í stað 3. gr. kemur:

Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu ekki innihalda nein efni í því magni að heilsu ungbarna og smábarna geti stafað hættu af. Samanlagt magn varnarefnaleifa skal ekki vera hærra en 0,01 mg/kg af vörinni, eins og hún er framleidd tilbúin til neyslu eða blönduð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Aðferðir við greiningu á magni varnarefnaleifa skulu vera almennt viðurkenndar og staðlaðar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipunar nr. 1999/50/EB.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Veittur er frestur til 1. júlí 2002 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun  
þungaskatts og skyldur ökumanna, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Á undan orðinu námubifreiðar“ í 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: belta- og.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Greiða skal þungaskatt í formi fasts gjalds af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Skattskylda stofnast við nýskráningu bifreiðar.

b. 2. mgr. fellur brott.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. 2.-4. másl. 1. mgr. falla brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

| Gjaldþyngd ökutækis<br>kg | Kílómetragjald<br>kr. | Gjaldþyngd ökutækis<br>kr. | Kílómetragjald<br>kr. |
|---------------------------|-----------------------|----------------------------|-----------------------|
| 4.000-4.999               | 7,11                  | 18.000-18.999              | 17,09                 |
| 5.000-5.999               | 7,56                  | 19.000-19.999              | 18,40                 |
| 6.000-6.999               | 8,17                  | 20.000-20.999              | 19,38                 |
| 7.000-7.999               | 8,58                  | 21.000-21.999              | 20,50                 |
| 8.000-8.999               | 8,96                  | 22.000-22.999              | 21,79                 |
| 9.000-9.999               | 9,36                  | 23.000-23.999              | 22,83                 |
| 10.000-10.999             | 9,93                  | 24.000-24.999              | 23,86                 |
| 11.000-11.999             | 10,30                 | 25.000-25.999              | 25,02                 |
| 12.000-12.999             | 11,20                 | 26.000-26.999              | 26,13                 |